




Fuglar og Náttúra í Nærumhverfinu

Cécile Chauvat, Jessica Aquino,
og Einar Þorleifsson




Fuglar og Náttúra í Nærumhverfinu

Höfundar: Cécile Chauvat, Jessica Aquino, og Einar Þorleifsson

Myndskreyting: Cécile Chauvat

Styrktaraðilar:



Samstarfsaðilar:



Stuðningsaðilar:



Efnisskrá

Formálsorð.....	4
Kafli 1: Fullur garður af fuglum.....	5
Kafli 2: Að eignast vini.....	16
Kafli 3: Pöddur í morgunmat.....	24
Þakkarorð.....	34
Um höfundana.....	35


Formálsorð

Einhverjir gætu velt fyrir þér hvers vegna við ákváðum að beina sjónum okkar sérstaklega að fuglum í þessari bók, þar sem um auðugan garð er að gresja í íslenskri náttúrufræði. Miklir kostir fylgja því hins vegar að kenna börnum um náttúruna í gegnum fugla. Á Íslandi eru fuglar alls staðar. Mismunandi tegundir eru á mismunandi stöðum, sjá má fugla í borgum, þéttbýlum og í litlum bæjum og í villtri náttúru landsins— fyrir utan á jöklunum. Margar þessara fuglategunda, sérstaklega þær sem sjást í þéttbýlum og við sveitabæi, eru vel þekktar á meðal fólks á öllum aldri. Þessa fugla er auðvelt að finna, þekkja og fylgjast með. Sumir þessara fugla hegða sér á áhugaverðan hátt og það er skemmtilegt að fylgjast með þeim. Aðrir syngja fallega söngva og það getur verið gaman að kenna börnum að þekkja þá í gönguferð úti. Umhverfisfræðsla, sérstaklega fuglaskoðun, getur hjálpað öllum að læra (ungum sem öldnum) og eykur þekkingu á náttúrunni og umhverfinu almennt. Að sama skapi getur hún auðveldað okkur að læra um mismunandi búsvæði dýra á Íslandi og hvaða fuglar halda til á þessum svæðum. Við leggjum sérstaka áherslu á þau svæði sem eru nálægt heimilum okkar, á villta náttúru í nærumhverfinu í görðum og í bæjum. Tilgangur bókarinnar er að auðvelda náttúrutengt nám, að enduruppgötva tengsl okkar við heim náttúrunnar og vekja upp forvitni og vilja til þess að læra meira.

Vegna loftslagsbreytinga og áhrifa mannsins á búsvæði dýra, eru margar nýjar fuglategundir sestar að á Íslandi. Aftur á móti hafa aðrar tegundir orðið berskjaldaðri eða eru komnar í útrýmingarhættu. Með þessari bók langar okkur að fræða börn og fjölskyldur um áhugaverðar staðreyndir um fugla í nærumhverfi okkar en einnig um það hvernig má gera garða og bæi að betri búsvæðum fyrir fuglana. Við sýnum plöntur og tré sem hægt er að gróðursetja í görðum til þess að laða að mismunandi fuglategundir og hvernig hægt er að fódra þá. Eftir mörg ár af tilraunum við gerð fuglahúsa sem geta staðið af sér íslenskt veðurfar, gefum við dæmi um það hvernig má byggja sitt eigið fuglahús fyrir hreiðurgerð.

Við vonum að bókin verði gagnleg börnum og öðrum sem vilja komast í meiri nálægð við náttúruna og hvort annað. Sum verkefnanna þarfnast samvinnu, svo sem fæðukeðjuspilið og bygging fuglahúsanna. Hvert verkefni bókarinnar er sett upp þannig að vinir, bekkjarfélagar, foreldrar, kennarar, æskulýðsleiðtogar eða aðrir geti unnið saman.

Kafli 1:




Einn þeirra staða þar sem auðveldast er að fylgjast með fuglum er í bakgarðinum þínum, í bænum, eða í skólanum! Sumir fuglar eru vanir mönnum og vilja jafnvel frekar vera í grennd við bæi og þorp. Í þessum kafla ætlum við að kanna sambandið á milli fugla og manna á Íslandi með því að læra um fjóra fugla sem sækja í garða: hrafn, snjótittling, skógarpröst og maríuerlu.



Hérna eru þeir.
Þekkir þú fuglana?

Nú er komið að þér að
lita fuglana!

Krummi



Krummar er
virkilega klárir og
elska að leika sér
á jörðinni og í loftinu.
Þeir eru mjög nánir
fjölskyldu sinni og
vinum.

Þessir fuglar elska að
syngja. Þeir elska líka
að vera í kringum tré
og skóga, þar sem
þeir tína ber
uppáhalds
matinn
sinn.



Skógarþröstur

Þessir fuglar hræðast ekki
kuldann! Þeir halda fjöðrunum
sínun við með því að baða
sig í snjó. Þeir eiga marga
vini og dvelja oft
í byggð á
veturna.



Snjótittlingur

Þessir fuglar vilja vera í grennd
við bæi, sérstaklega á
opnum svæðum og vatni. Þeir
dilla mikið stélinu en
enginn veit alveg hvers
vegna. Þeir vilja
ekki að aðrir
fuglar ónaði
sig.



Maríuerla

Dagur hjá hrafninum

Hvað gera
hrafnar þegar
þeir vakna?

Hvað borða
þeir í
morgunmat?

Hvað finnst þeim
gaman að gera?

Hvað tala
þeir um við
vini sína?

Hvar sofa
þeir?

Hvert fara þeir
á daginn?



Ræddu við vini þína um daginn hjá hrafninum. Þú getur svarað þessum spurningum og öðrum sem koma upp í hugann. Hvað átt þú sameiginlegt með hrafninum?

Höldum áfram

[Hlustaðu á
kall
hrafnsins á
netinu!](#)



Gengið um bæinn með hrafninum

Lærðu allt um bæinn þinn með því að fylgja hröfnunum!

Gakktu um miðbæinn með kennaranum þínum eða fullorðnum og leitaðu að hröfnum.

Það er auðvelt að koma auga á þá því þeir eru svo stórir, málgláðir og kolsvartir! Þeim finnst gott að vera hátt uppi eins og á húspökum eða á ljósastaurum, svo þeir geti fylgst með því sem gerist í kringum þá og fyrir neðan. Þeir eru sérstaklega hrifnir af skólum, leikskólum, búðum, stórum gatnamótum... Öllum stöðum þar sem má finna mat!

Ef þú sérð hrafna sitja á byggingum sem þú hefur aldrei komið inn í, spurðu kennarann eða þann fullorðna sem er með þér, hvað sé í þessum byggingum. Er þetta bankinn, ráðhúsið, verslun eða bara hús? Eru til sögur um þennan stað?

Hrafnar
hafa 33
mismunandi köll



KAAA
KLOK
KRAAA

Heyrir þú
einhver þeirra?
Hvernig hljóma þau?

Syngdu um náttúruna með skógarþrestinum

Fyrst af öllu er [hér](#) er skemmtilegur leikur með fuglasöng frá the Cornell Lab Bird Academy. Getur þú unnið bæði borðin?



Næst skaltu [hlusta á söng skógarþrestarins](#). Veitir þetta þér innblástur til lagasmíða? Hugsaðu um laglínu sem þú heldur að skógarþrestur myndi vilja syngja. Getur þú skrifað hana niður með nótum?


Að lokum skaltu búa til lagatexta út frá sjónarhóli skógarþrestar. Það gæti verið um uppáhalds berin þín, hvað þér þykir gaman að gera á daginn, tré sem þér þykja góð, fuglavini þína eða annað sem þú heldur að skógarþrestir hugsi um.

Ef þig langar að læra meira eru [leikir](#) á íslensku á Fuglavefnum, þar er hægt að læra að þekkja fuglana og hljóðin í þeim!

Skreppum í berjatínslu!

Finndu hlíðar með berjalyngi frá ágúst fram í miðjan september.

Þú ert á leið í berjatínslu, eins og skógarþrösturinn. Þekkir þú hvaða ber þú týndir? Ekki gleyma tómu skyr-og ísdollunum!




Sástu skógarþröstinn á meðan þú varst í berjatínslu? Þeir geta sést í kringum tré og lyng. Hvað voru þeir að gera?

Að búa til sjónauka

Þarftu hjálp við að finna fuglana? Sjónaukar geta hjálpað þér að sjá fuglana betur. Svona getur þú búið til þinn eigin.

Það sem þú þarft:

- Lím
- Tvær klósettrúllur
- Málningu (ef þú vilt)



- Náðu í tvær tómar klósettrúllur.
- Ef þú vilt að sjónaukinn þinn verði litríkari, þá getur þú málað rúllurnar.
- Límdu báðar klósettrúllurnar saman á annari hliðinni. Láttu límið þorna.
- Tilbúið! Þessir sjónaukar stækka hlutina í rauninni ekki upp en þeir geta samt hjálpað þér að æfa þig í að skoða fugla, fuglana eina og sér. Nú getur þú verið fuglaskoðari!

Hvernig á að laða fugla að garðinum þínum?

Það sem þú þarft:

- Garnspotta
- Hunang

- Daginn áður en þú ferð í garðfuglaskoðun, skaltu klippa niður nokkra spotta, um einn meter að lengd.
- Þektu helminginn af hverjum garnspotta með hunangi.
- Festu þurra hluta spottanna á trjágrein í garðinum þar sem er örlítið skjól fyrir vindi.
- Spottarnir ættu að laða að pöddur, sem í staðinn munu laða að fugla á næstu dögum!



Gengið um með Maríuerlunni

Farðu út í garð að sumri til, frá miðjum apríl til miðs september. Ekki gleyma pappasjónaukanum þínum eða alvöru sjónauka ef þú getur fengið hann lánaðan.



Gakktu um og athugaðu hvort að þú komir auga á maríuerlur. Þær elska að vera við garða, almenningsgarða og ferskvatn. Þegar þú sérð maríuerlur (eða aðra áhugaverða fugla), prufaðu að skoða þá í gegnum nýja sjónaukann.

Hvað eru þær að gera? Geturðu giskað á hvað þær eru að borða?

Maríuerlur elska að borða pöddur!

Þú skalt fylgjast með því hvernig maríuerlan dillar stélinu upp og niður. Hvers vegna heldurðu að hún geri þetta? Enginn er alveg viss um það, ekki einu sinni vísindamenn.



Litli snjótittlingurinn

Hvað ef snjóengill væri í rauninni snjótittlingur?

Farðu út í góðum, hlýjum, vetrarfatnaði og búðu til snjóengil með því að leggjast á bakið í snjónum og sveifla höndunum upp og niður og fótunum sundur og saman.

Nú ert þú að baða þig í snjó eins og snjótittlingur. Fyrir utan að snjótittlingar eru ekki í yfirhöfnum, þeir treysta á hlýju fjaðrirnar sínar!

Snjótittlingar eru ekki
hræddir við kulda! Þeir
geta lifað í allt
að -40°C .




Snjótittlingur
hefur meira að segja
sést á Norðupólnum.

þeir elska
snjó!



Þú gætir séð snjótittling í bænum þínum á veturna en aðeins þegar það er mikill snjór. Þeir safnast þá gjarnan saman á þökum og fljúga fram og til baka á milli staða. Þeir eru stundum kallaðir „snjókörn“ vegna þess að þegar þeir fljúga í hópum minna þeir á snjókörn í vindinum.

Að búa til snjófugl



Búðu til snjófugl!

Það sem þú þarft:

- Nokkrar furugreinar
- Tvær lauflausar greinar
- Tvo svarta steina
- Nokkrar gulrætur
- Mikið af snjó

Þú getur hafist handa við snjófuglinn alveg eins og þú værir að gera snjókarl, með því að rúlla upp stærri og stærri snjókúlu og nota sem neðsta hlutann á fuglinum.

Síðan skaltu rúlla aðra minni snjókúlu og nota fyrir höfuð.

Stingdu furugreinunum inn í hliðarnar og í bakið til þess að búa til vængina og stélið.

Stingdu lauflausu greinunum tveimur framan á, til þess að búa til fuglsklær.

Búðu til tvö augu á höfðinu með litlum svörtum steinum. Stingdu gulrót framan á til þess að búa til gogginn.

Að lokum skaltu nota gulrótarbíta til þess að fá appelsínugula litinn sem er á vanga snjótittlingsins, hálsi og bringu.

Kafli 2:



Nú veist þú hvernig á að skoða fugla í görðum eða bæjum en hvernig getur þú laðað að fugla? Þessi kafli fer yfir það.

- Hvernig á að gera garða að fuglaparadís
- Hvernig á að fóðra garðfugla á veturna
- Hvernig á að búa til fuglafóðrara, fuglabað og fuglahús
- Hvernig má koma í veg fyrir að fuglar klessi á glugga
- Hvað á að gera ef þú finnur unga eða slasaðan fugl



Að búa til fuglaparadís

Hér er listi yfir fullkomin íslensk tré og runna til þess að laða að garðfugla á Íslandi. Fyrst af öllu er þó gott að vita að hverskyns tré, runnar og blóm laða frekar að sér fugla heldur en gróðurlaus garður.

Tré

Barrtré. Þau gera orðið mjög há og þess vegna getur þurft að snyrta þau. Hinsvegar gefa þau af sér fræ, mynda skjól, hreiðurstæði og laða að sér pöddur fyrir margar tegundir fugla. Þau laða sérstaklega að sér músarindla, glókolla, auðnutittlinga og krossnef.

- Sitkagreni (*Picea sitchensis*)
- Stafafura (*Pinus contorta*)

Tré með fræjum sem laða að garðfugla og hunangsflugur:

- Birki (*Betula pubescens*)
- Seljuvíðir (*Salix caprea*)
- Dökkvíðir (*Salix myrsinifolia*)
- Loðvíðir (*Salix lanata*). Þetta er hið innlenda íslenska birki.

Tré með berjum sem laða að fugla:

- Reynitré (*Sorbus aucuparia*). Á þessu tré vaxa ber sem að laða að þresti. Berin eru æt eftir að þau hafa verið soðin.

Runnar

Runnar með berjum sem menn ættu ekki að borða:

- Skrautmispill (*Cotoneaster multiflorus*)
- Skriðmispill (*Cotoneaster adpressus*)
- Bergflétta (*Hadera helix*). Þessi klifurplanta myndar gott skjól og afdrep fyrir litla fugla.

Ætíð berjarunnar:

- Rauðyllirunni (*Sambucus racemosa*). Berin eru aðeins æt eftir að þau hafa verið soðin en þó er víða búið til hunang úr blómunum.
- Roðaberjarunni (*Berberis vulgaris*)
- Hlíðaramall (*Amelanchier alnifolia*)
- Rífsberjarunni (*Ribes spicatum*)
- Sólberjarunni (*Ribes nigrum*)

Blóm

Viltar rósir með aldin sem laða að fugla og hunangsflugur:

- Meyjarós (*Rosa moyesii*)
- Hjónarós (*Rosa sweginzowii*)




Hvernig má koma í veg fyrir að fuglar fljúgi á gluggann þinn?

Þegar fuglar klessa á glugga, ná þeir oft ekki að jafna sig. Til þess að koma í veg fyrir þetta skaltu klippa út útlínurnar af þessum fálka og líma á gluggann þinn.

Fuglarnir munu þá sjá gluggann af því að það er hindrun í vegi þeirra og þá passa þeir sig á því að fljúga ekki á hann.

En ef þú skyldir finna fugl sem hefur flogið á glugga og virðist rotaður, skaltu setja hann í pappakassa og koma fyrir á dimmum og rólegum stað, í um klukkustund. Eftir það ætti hann fljótlega að geta flogið aftur í burtu!



Mannst
þú hvaða
fugl
þetta er?

Hvað á að
gera ef þú finnur
unga eða slasaðan fugl?

Ef fugl virðist vera
veikur eða dáinn,
skaltu alls ekki
snerta hann án þess
að vera í hönskum.

Ef þú finnur unga er best að láta hann vera! Ungar eru mjög viðkvæmir og mamman er einhvers staðar nálæg.

Ef fuglinn virðist vera fullorðinn og alvarlega slasaður, er best að hringja í náttúrufræðistofnun til þess að fá frekari upplýsingar. Veittu þeim allar upplýsingar um það sem þú fannst áður en þú gerir nokkuð!

Heimatilbúið fuglafóður

Á veturna er hægt að fóðra marga fugla í görðum á Íslandi, þar á meðal starra, svartþresti, skógarþresti, gráþresti og snjótittlinga. En farðu varlega! Ef þú byrjar að fóðra þá, er mikilvægt að halda því áfram reglulega og ekki hætta því í of langan tíma í senn, sérstaklega þegar veðrið er slæmt eða kalt úti. Það er vegna þess að sumir fuglar fara að treysta matargjöfunum þínum til þess að lifa af harðan vetur.


Svona má búa til heimatilbúið fuglafóður:

Fyrir starra, svartþresti, gráþresti og skógarþresti þarft þú:


- Brauð
- Jurtaolíu (eins og repjuolíu, sólblómaolíu eða maísolíu)
- Múslí með rúsínum
- Epli

Magnið fer eftir því hvað þú ert að fóðra marga fugla, skammturinn getur breyst en er í kringum $\frac{2}{3}$ brauðsneiðar á mót $\frac{1}{3}$ múslí er gott. Skerðu brauðið niður í litla bita og blandaðu saman við múslíið. Bleyttu síðan upp í blöndunni með olíu svo blandan drekki allan vökvann í sig. Bættu einum eða tveimur eplahelmingum við. Gráþrestir eru sérstaklega hrifnir af eplum.

Best er að fóðra snjótittlinga með sólblómafræjum, þeir munu sækja í fræin ef þeir eru í grenndinni.



Bíum til...




FUGLAHÚS

Hér eru leiðbeiningar og ráð til þess að búa til fuglahús og fuglaböð.

Fuglaböð:

Að búa til fuglabað er mjög auðvelt. Þú þarft bara stóran, grunnan disk, frekar þungan, svo hann fjúki ekki í burtu. Komdu honum fyrir á jörðinni í grennd við fóðrunarstaðinn, fylltu hann síðan af vatni og þrífðu hann reglulega. Settu diskinn langt í burtu frá stöðum þar sem kettir gætu falið sig. Þú getur komið honum fyrir á sterkbyggðum 1,5 metra staur, til þess að vera viss um að kettir nái ekki upp.




Almenn ráð

- Til þess að byggja fuglahús gerum við ráð fyrir að allar viðarplötur séu 1cm þykkar. Það þarf að aðlaga stærðina að þykkari plötum.

Mikilvægt!

- Öll fuglahús verða að vera fest við sterkbyggðan staur sem ætti að vera 2 til 2,5 metrar á hæð svo kettir komist ekki að þeim.
- Öll fuglahús verða að vera á skjólgóðum stað, undir þaki, kofa eða í trjáþykkni.
- Öll fuglahús verða að vera úr dökkum við eða máluð dökkbrún eða svört svo að þau séu í felulitum.
- Öll fuglahús verða að hafa 5 lítil (um 5mm) boruð göt í botninum. Einnig ætti að vera eitt gat í miðjunni og önnur á hvorri hlið, til þess að mynda frárennsli í miklum rigningum.

Músarindilhús




Músarindilshúsið er einfaldur rétthyrndur kassi með gati til þess að fuglinn komist inn og út.

Svona eru málín fyrir húsið:

- Tveir 17x13x1cm rétthyrningar fyrir botninn og þakið.
- Tveir 17x8x1cm rétthyrningar fyrir hliðarnar.
- Tveir 11x8x1cm rétthyrningar fyrir framhliðina og bakhliðina. Búðu til gat sem er 2,5cm í þvermál á framhliðina.


Þratarhús (skógarprestir og svartprestir)



Málin fyrir húsið:

- Einn 16x22x1cm rétthyrningur fyrir þakið.
- Einn 15x22x1cm rétthyrningur fyrir botninn.
- Einn 3x22x1cm rétthyrningur fyrir framhliðina.
- Einn 20x20x1cm rétthyrningur fyrir bakhliðina.


Tvö stykki af eftirfarandi hluta fyrir hliðarnar:



Þetta þratarhús má festa við háan húsvegg.

Gott þratarhús getur einnig einföld karfa, um 15cm og 17cm í þvermál og 10cm á hæð, vandlega fest á trjágrein á þéttu tré, helst barrtré.

Maríuerlu hús




Málin fyrir húsið:

- Tveir 14,5x12x1cm rétthyrningar fyrir þakið og botninn.
- Einn 14,5x9x1cm rétthyrningur fyrir framhliðina.
- Einn 12,5x17x1cm rétthyrningur fyrir bakhliðina.
- Tveir 12x17x1cm rétthyrningar fyrir hliðarnar.

Starrahús


[Hér](#) er slóð með góðum ráðum um hvernig er hægt að byggja frábært starrahús!

Kafli 3:



Í þessum kafla ætlum við að skoða fæðukeðju fuglanna, hvað þeir borða og hvernig samband þeirra er við önnur íslensk dýr og plöntur.


Yngri börn geta farið í minnisleik. Prentið tvo stokka af spjöldunum. Þau geta spilað tvö og tvö saman.



Hvernig gengur leikurinn fyrir sig?

Á næstu þremur blaðsíðum finnur þú 17 myndir í boxunum sem hvert og eitt stendur fyrir íslenskt dýr eða plöntu. Allar þessar lífverur eru hluti af sömu fæðukeðjunni: þau borða öll að minnsta kosti annað dýr eða plöntu og (eða) eru étin af öðru dýri.

Fyrst af öllu skaltu klippa öll 17 spjöldin út. Hér eru útlínur sem sýna hvernig þau passa saman, með örvum sem vísa á það hvað dýrið á spjaldinu borðar.



Eins og þú sérð eru allar plönturnar nú þegar neðst í fæðukeðjunni. Raðaðu plöntunum upp í rétta röð á hvítt spjald eða á stórt blað og teiknaðu upp örvarnar sem vísa að þeim. Nú getur þú annað hvort reynt sjálf/ur að koma öllum spjöldunum á réttan stað eða í hópi með öðrum eða að þú getur spilað.


Til að spila skuluð þið skipta ykkur í tvo hópa og biðja einhvern fullorðinn eða kennarann um að hjálpa ykkur að finna svörin. Hópurinn með yngri leikmönnum byrjar.

1. Hópurinn velur spjald og ákveður hvar hann ætlar að setja það.
 2. Ef svarið er rétt, fær hópurinn stig og byrjar aftur á skrefi 1.
 3. Ef svarið er ekki rétt, má hinn hópurinn reyna og byrjar á skrefi 1.
- Þegar fæðukeðjan er tilbúin, vinnur sá hópur sem fékk fleiri stig.


Frumframleiðendur og neytendur

Hringrás

- **Frumframleiðendur** (þau sem éta engan) eru græn
- **Fyrsta stigs neytendur** (dýr sem éta frumframleiðendur) eru gul
- **Annars stigs neytendur** (dýr sem éta fyrsta stigs neytendur) eru appelsínugul
- **Þriðja stigs neytendur** (dýr sem éta annars stigs neytendur) eru rauð
- **Toppneytendur** (dýr sem ekki eru étin af neinu öðru dýri) eru fjólublá



Ber




Laufblað
og
brum



Blómasafi

Gras



Fluga





Mý




Plöntusvif



Dýrasvif



Loðna



Þorskur



Lundi




Örn


Þúfutittlingur



Smyrill



Heiðagæs




Rjúpa



Skógarpröstur



Svarblao



Þakkarorð

Fuglar og náttúra í nærumhverfinu er samfélagsverkefni með nýtur stuðnings margra aðila. Fyrst viljum við þakka Æskulýðssjóði Rannís fyrir að styrkja verkefnið. Við erum eins þakklát Húnaþingi vestra fyrir þeirra stuðning við uppfræðslu í umhverfismálum og stuðninginn við Húnaklúbbinn. Kennarar og skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra sem og kennarar í Grunnskóla Norðurlands vestra, fá einnig þakkir, fyrir að aðstoða okkur við frekari umhverfisfræðslu. Foreldrar og ungmenni sem stutt hafa Húnaklúbbinn, fá einnig þakkir fyrir að hafa deilt með okkur ást sinni á náttúrunni. Að lokum ber að þakka samstarfsaðilum okkar við Háskólann á Hólum, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Félagsmiðstöðinni Órion og Íslenska selasetrinu. Birta Ósmann Þórhallsdóttir hjá Skriðu bókaútgáfu fær einnig þakkir fyrir íslenska þýðingu bókarinnar.

Um höfundana

Cécile Chauvat

Cécile Chauvat er náttúrufræðingur hjá Náttúrustofu Norðvesturlands og umsjónarmaður umhverfisfræðslu við náttúrufræðideild Selaseturs Íslands. Hún er með meistaragráðu í Haf- og strandsvæðastjórnun frá Háskólasetri Vestfjarða en ritgerð hennar fjallaði um stjórnun selaskoðunar. Rannsóknaráhugi hennar er þverfaglegur og tvinnar saman vísindi og vistfræði við rannsóknir í umhverfisfræði. Cécile hefur áhuga á því að fræða ferðamenn um náttúruskoðun og áhrif ferðaþjónustu en um leið að útbúa námsefni fyrir unglinga til þess að læra um náttúruna í nærumhverfinu. Í frítíma sínum nýtur hún þess að teikna og myndskreyta

Dr. Jessica Aquino

Jessica Aquino er lektor við Háskólann á Hólum og vinnur í samstarfi við Selasetur Íslands. Hún hefur næstum 20 ára reynslu af umhverfismenntun og er með doktorsgráðu í Auðlindir og þróun samfélaga. Jessica hefur áhuga á samfélagslegum þáttökuverkefnum, þar sem áhersla er lögð á þátttöku ungmenna og ábyrga stjórnun náttúrusvæða. Hún er einnig stjórnandi og einn af stofnendum Húnaklúbbsins

Einar Þorleifsson

Einar Ó. Þorleifsson er náttúrufræðingur og vinnur hjá Náttúrustofu Norðurlands vestra í samstarfi við Selasetur Íslands. Einar lærði náttúrulandafræði í Háskóla Íslands. Hann er einnig með nokkurn bakgrunn í líffræði, grasafræði og jarðfræði auk umhverfisrannsókna. Aðaláhugi Einars er fuglafræði; stofnar, útbreiðsla fugla í nútímalegu og sögulegu samhengi sem og breytingar á fuglastofnum í tímans rás. Viðfangsefni hans eru m.a. náttúruvernd og endurheimt náttúrulegra búsvæða en auk þess hefur hann stundað rannsóknir í grasafræði og jarðfræði. Einar hefur áratuga reynslu af mismunandi vettvangsverkefnum, aðallega á sviði fuglafræði á Íslandi og erlendis. Hluti af vinnu Einars felst í umhverfisfræðslu fyrir félagasamtök og skóla á svæðinu; með áherslu á náttúru og villt dýr.

Cécile Chauvat, Jessica Aquino, og Einar Þorleifsson. (2021). *Fuglar og náttúra í nærumhverfinu*. Sauðárkrókur, Ísland: Háskólans á Hólum

Chauvat, C., Aquino, J., and Þorleifsson, E. (2021). *Birds and Nature Around Icelandic Neighborhoods*. Sauðárkrókur, Iceland: Hólar University

© 2021 Háskólans á Hólum.

Útgefandi/Publisher: Háskólans á Hólum. Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur, Ísland.

Heiti: Fuglar og náttúra í nærumhverfinu

Title: Birds and Nature Around Icelandic Neighborhoods

Höfundar/Authors: Cécile Chauvat, Jessica Aquino, and Einar Þorleifsson

Myndskreyting/Illustrations: Cécile Chauvat

Þýðing/Translation: Birta Ósmann Þórhallsdóttir

Fuglar og náttúra í nærumhverfinu (online ed.)

ISBN 978-9935-9596-0-7

Fuglar og náttúra í nærumhverfinu (print ed.)

ISBN 978-9935-9596-1-4

Birds and Nature around Icelandic Neighborhoods (online ed.)

ISBN 978-9935-9596-2-1

Birds and Nature around Icelandic Neighborhoods (print ed.)

ISBN 978-9935-9596-3-8

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

All rights reserved. This report may not be reproduced in any manner, such as photography, printing, recording or otherwise, in whole or in part, without the written permission of the publisher.